

Grundarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Grundargötu 30
350 Grundarfjörður



Reykjavík 3. júní 2015
UST201505-006/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að deiliskipulagi aðveitustöðvar á Grundarfirði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðar er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsgagnar um tillögu að deiliskipulagi aðveitustöðvar ofan iðnaðarsvæðis í Grundarfirði.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að gert er ráð fyrir að reisa aðveitustöð á nýrri lóð ofan iðnaðar- og athafnasvæðisins vestan Kvernár, samhliða því sem tengivirki ofan Borgarbrautar verður lagt af. Jafnframt er gert ráð fyrir að leggja jarðstreng meðfram reiðvegi milli gamla tengivirkisins að nýju aðveitustöðvarinnar. Loftlínur á þessu svæði verða fjarlægðar.

Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 7,6 ha og einkennist af grónum eða lítt grónum brekkum með mýrarflákum og lækjarfarvegum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að staðargróður verði nýttur til uppgræðslu þegar jarðstrengur hefur verið lagður, svo raskað svæði fái á sig sama yfirbragð og nærsvæðin. Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og þar eru ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Lóð fyrir aðveitustöð

Fram kemur í greinargerð að lóð fyrir aðveitustöð er áætluð 4900 m². Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að fella framkvæmdina að umhverfinu.

Umhverfisstofnun telur til bóta að færa aðveitustöð út fyrir þéttbýli Grundarfjarðar. Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um jarðstreng sem mun minnka sjónræn áhrif raforkumannvirkja á svæðinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur